

Þriðjudaginn 29. mars 1994.

Nr. 493/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Sigurði Jóhanni Jónassyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Líkamsárás. Stjórnarskrá. Sakbending. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar og krefst sýknu. Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu með stefnu 17. nóvember 1993 og krefst staðfestingar héraðsdóms.

Við dómsmeðferð málsins í héraði var leitt í ljós, að ákærða var haldið í gæslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum, frá því að hann var handtekinn skömmu eftir kl. 08.10 laugardaginn 31. júlí 1993 og þar til um eða upp úr hádegi sunnudaginn 1. ágúst. Hann var eigi leiddur fyrir dómara. Er þetta brot á ákvæðum 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 102. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þá kom fram við dómsmeðferðina, að vitnin Svavar Halldór Jóhannsson og Styrmir Gíslason voru látin bera kennsl á ákærða í fangaklefa á lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum. Að sögn lögreglumanns stóð vitnið Svavar í gættinni og sá ákærða sofandi í fleti sínu. Vitnið Styrmir sá ákærða í gegnum lúgu á hurð fangaklefans, en vitnið hafði áður vísað á hann í mannfjölda.

Framangreindar starfsaðferðir lögreglunnar í Vestmannaeyjum eru stórlega vítaverðar. Þar sem sönnunarfærsla í málinu ræðst ekki af þessum atriðum, þykja þó ekki næg efni til þess, að þau komi í veg fyrir sakfellingu ákærða. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 10. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 578/1993: Ákærvaldið gegn Sigurði Jóhanni Jónassyni sem tekið var til dóms 2. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. október sl., á hendur ákærða, Sigurði Jóhanni Jónassyni, Víkurási 4, Reykjavík, fæddum 21. júlí 1973, fæðingarnúmer 568, „fyrir líkamsárás með því að hafa árla morguns laugardaginn 31. júlí 1993 í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum skorið Svavar Halldór Jóhannsson, fæddan 4. nóvember 1979, með hnífi í hægri upphandlegg með þeim afleiðingum að hann hlaut 5 sm langan skurð, sem sauma þurfti saman með 15 saumum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Um mánaðamótin júlí-ágúst í sumar stóð yfir svonefnd þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Laugardagsnóttina 31. júlí var margt fólk á ferli í Herjólfssdal á Heimaey, þar á meðal piltarnir Svavar Halldór Jóhannsson, 14 ára, og Styrmir Gíslason, 15 ára. Rétt hjá veitingatjaldinu hittu þeir ókunnugan mann sem þeir tóku tali í nokkrar mínútur. Fór það allt fram í bróðerni. Að skilnaði sagðist maðurinn myndu koma þeim til hjálpar, ef á þyrfti að halda. Væri hann kallaður Siggí svartí. Kvaddi hann þá með handabandi, fyrst Styrmí, en þegar hann hafði tekið í höndina á Svavari brá hann hnífi og skar hann djúpan skurð í hægri framhandlegg. Svavar leitaði ásjár í hjúkrunarstöð þarna í dalnum, og var þar gert að sárinu. Eftir alllanga stund var ákærði handtekinn þarna í dalnum eftir ábendingu Styrmis. Ákærði var með lítinn sjálfskeiðing, þegar hann var handtekinn.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Kveðst hann ekkert vita um atvikið og ekkert geta um það upplýst. Hér fyrir dómi hefur hann sagt að hann hafi verið með stúlku þessa nótt, sem heiti Sigríður, en hann geti ekki sagt á

henni nánari deili. Kveðst hann hafa óskað eftir því, þegar hann var handtekinn, að reynt yrði að hafa upp á stúlkunni, en því hafi ekki verið sinnt. Tveir lögreglumenn, sem komu að málinu í upphafi, kannast ekki við, að ákærði hafi nefnt þetta við þá og ekkert er um þetta í skýrslu hans hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum. Kom þar reyndar fram hjá honum að hann hefði verið á sjó þegar þetta gerðist og hefði hann því ekki getað verið þarna að verki. Ákærði kannast við að hafa verið kallaður Siggí svarti þegar hann var tíu ára en hann segir að hann kynni sig ekki þannig fyrir ókunnugum.

Styrmir Gíslason var viss í sinni sök þegar hann vísaði á ákærða í upphafi og hann bar á hann kennsl í fangaklefa kvöldið eftir. Hér fyrir dómi sá hann ákærða aftur og kvaðst vera alveg öruggur um að hann væri maðurinn sem skar Svavar.

Svavar Halldór Jóhannsson bar kennsl á ákærða þar sem hann var í haldi í fangaklefa um hádegðið þennan laugardag. Hér fyrir dóminum sá hann ákærða og kvaðst hann vera alveg viss um að ákærði væri maðurinn sem skar hann. Hann kvaðst hafa séð hnífinn sem maðurinn beitti og gaf á honum lýsingu sem gæti átt við hníf ákærða.

Niðurstaða.

Svavar Halldór Jóhannsson og Styrmir Gíslason hafa eindregið borið kennsl á ákærða. Er á það að líta, að Styrmir fann hann í mannfjölda og vísaði á hann, og ekki síður hitt, að þeir höfðu gott tækifæri til þess að sjá hann, þegar þeir töluðu við hann í upphafi. Þá hefur Svavar lýst hnífi mannsins svo að átt getur við hníf ákærða. Ákærði hefur verið kallaður Siggí svarti. Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum. Er að þessu athuguðu sannað þrátt fyrir neitun hans, að hann hefur skorið Svavar Halldór með hnífi, eins og lýst er í ákæru. Ber að sakfella hann fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af því að hann beitti hnífi á ungan pilt af engu tilefni. Þykir hún vera hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Þar sem ákærði hefur ekki gerst sekur áður um hegningarlagabrot þykir mega ákveða að fresta framkvæmd þessarar refsingar og að hún falli niður að liðnum þremur árum haldi hann almennt skilorð hegningarlaganna. Þá þykir hæfilegt að auki að gera ákærða 50.000 króna sekt og ákveða, að 14 daga varðhald komi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað af sökinni, þar

með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns Helga Birgissonar, héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Jónasson, sæti varðhaldi í 60 daga. Framkvæmd þessarar refsingar er frestað og fellur hún niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð hegningarlaga.

Ákærði greiði 50.000 króna sekt og kemur 14 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.
